



Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartún 30
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2026

Efni: Leiðbeinandi viðmið um frístundaakstur barna

Embætti umboðsmanns barna hefur á síðustu árum borist ábendingar um öryggi og umsjón barna við frístundaakstur frá skólum og frístundaheimilum í íþrótt- og tómstundastarf. Ábendingarnar lúta meðal annars að því að ungum börnum sé ekki ávallt fylgt alla leið á áfangastað, að þau séu án fullnægjandi umsjónar meðan beðið er eftir því að starf hefjist og að ábyrgð og upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem koma að þjónustunni sé ekki nægilega skýrt.

Embættið sendi nýlega erindi til Reykjavíkurborgar vegna frístundaaksturs þar sem lögð er áhersla á að umsjón með börnum þurfi að vera samfelld og ábyrgðarskil skýr. Þar sem frístundaakstur er í boði í ýmsum sveitarfélögum og fyrirkomulag þjónustunnar getur verið mismunandi telur umboðsmaður barna þörf á sameiginlegum leiðbeinandi viðmiðum um framkvæmd hennar.

Frístundaakstur getur gegnt mikilvægu hlutverki við að tryggja börnum aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi og stuðlað að jafnari tækifærum þeirra til þátttöku óháð aðstæðum þeirra. Þegar sveitarfélag býður upp á slíka þjónustu þarf hún þó að vera skipulögð með þeim hætti að öryggi og velferð barna sé tryggð frá því að þau yfirgefa skóla eða frístundaheimili og þar til þau eru komin í umsjón þess aðila sem tekur við þeim í íþrótt- eða tómstundastarfi.

Samkvæmt 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn. Þá ber stjórnvöldum að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Öryggi barna við frístundaakstur felst ekki eingöngu í því að ökutæki, ökumenn og akstur uppfylli almennar öryggiskröfur. Ökumaður þarf að geta einbeitt sér að öruggum akstri og því

þarf að tryggja að umsjón með ungum börnum sé ekki jafnframt á hans ábyrgð. Á meðan á akstri stendur þarf starfsmaður sem sinnir umsjón barnanna að geta brugðist við þörfum þeirra og þeim atvikum sem upp kunna að koma. Ekki er hægt að ætlast til þess að ung börn beri sjálf ábyrgð á eigin öryggi eða geti brugðist við óvæntum aðstæðum með sama hætti og eldri börn.

Að mati umboðsmanns barna þurfa leiðbeinandi viðmið um frístundaakstur meðal annars að fjalla um ábyrgð og umsjón með börnum á öllum stigum þjónustunnar, fylgd barna og móttöku þeirra á áfangastað, upplýsingamiðlun milli þeirra aðila sem koma að þjónustunni og viðbrögð við óvæntum atvikum. Í ljósi hlutverks Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga telur umboðsmaður barna mikilvægt að Sambandið hafi frumkvæði að gerð slíkra viðmiða og miðli þeim til sveitarfélaga.

Embætti umboðsmanns barna óskar þess að vera haldið upplýstu um framvindu málsins og lýsir sig reiðubúið til frekara samtals ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna